

Hagnaður N1 225 milljónir króna á 1. ársfjórðungi 2017

Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 521 m.kr. á 1F 2017 samanborið við 374 m.kr. á 1F 2016
- Framlegð af vörusölu jókst um 10,9% á 1F 2017
- Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 8,7% á milli ára vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu
- Umferð á þjóðvegum landsins jókst um 14,1% á milli 1F 2017 og 1F 2016
- Selt magn án JET lækkaði um 17,6% á milli 1F 2017 og 1F 2016 vegna sjómannaverkfalls
- Eigið fé var 12.053 m.kr. og eiginfjárlutfall 46,7% í lok 1F 2017

<i>Þúsundir króna</i>	<i>1F 2017</i>	<i>1F 2016</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Rekstrarreikningur				
Framlegð af vörusölu	2.305.243	2.078.828	226.415	10,9%
Aðrar rekstrartekjur	102.757	92.503	10.254	11,1%
EBITDA	521.005	373.629	147.376	39,4%
EBIT	278.044	200.612	77.432	38,6%
EBT	269.148	144.471	124.677	86,3%
Hagnaður tímabilsins	224.944	119.495	105.449	88,2%
Efnahagsreikningur				
Birgðir	3.086.549	2.453.116	633.433	25,8%
Viðskiptakröfur	2.717.951	2.401.570	316.381	13,2%
Vaxtaberandi skuldir	6.500.000	6.370.000	130.000	2,0%
Handbært fé	1.841.753	2.652.277	-810.524	-30,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	4.690.078	3.755.183	934.895	24,9%
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	-163.671	582.824	-746.495	-128,1%
Fjárfestingahreyfingar	-170.683	-250.478	79.795	-31,9%
Fjármögnunarhreyfingar	-95.755	-152.880	57.125	-37,4%
Handbært fé í lok tímabils	1.841.753	2.652.277	-810.524	-30,6%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð	22,6%	18,0%	4,6%	25,7%
Eiginfjárlutfall	46,7%	35,3%	11,4%	32,3%
Laun/framlegð	46,2%	47,9%	-1,7%	-3,6%
Hagnaður á hlut	0,90	0,34	0,56	164,7%
Arðsemi eigin fjár	7,3%	6,6%	0,01	10,6%
Fjárfestingar	-200.431	-279.902	79.471	28,4%
Veltuhraði birgða	6,11	6,90	-0,79	-11,4%

<i>Þúsundir króna</i>	<i>2M 2017</i>	<i>2M 2016</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Markaðshlutdeild án JET *	31,9%	33,6%	-1,7%	-4,9%
Markaðshlutdeild bensín	30,2%	28,7%	1,5%	5,4%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Rekstur fyrsta ársfjórðungs

<i>Þúsundir króna</i>	<i>1F 2017</i>	<i>1F 2016</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Rekstrarreikningur				
Framlegð af vörusölu	2.305.243	2.078.828	226.415	10,9%
Aðrar rekstrartekjur	102.757	92.503	10.254	11,1%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.065.124	-996.604	68.520	6,9%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-422.438	-428.978	-6.540	-1,5%
Annar rekstrarkostnaður	-399.433	-372.120	27.313	7,3%
EBITDA	521.005	373.629	147.376	39,4%

EBITDA á 1F 2017 var 521 m.kr. samanborið við 374 m.kr. á 1F 2016 en aukningin skýrist af meiri framlegð af vörusölu vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu að sjávarútvegi undanskildum ásamt því að þróun á heimsmarkaðsverði olíu hafði hagstæð áhrif á framlegð á seldan lítra af eldsneyti. Félagið var með miklar eldsneytisbirgðir í ársbyrjun vegna aukinna umsvifa og sjómannaverkfalls. Samningsbundnar launahækkanir skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á fyrsta ársfjórðungi 2017 miðað við sama tímabil 2016 ásamt fjölgun stöðugilda vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði og í bílþjónustu.

Tekjur á fyrsta ársfjórðungi

<i>Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna</i>	<i>1F 2017</i>	<i>1F 2016</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Selt magn - bensín	12.641	12.014	627	5,2%
Selt magn - gasolía	19.555	17.598	1.957	11,1%
Selt magn - heild án JET	41.187	49.981	-8.794	-17,6%
Velta annarra vara	2.295.628	2.205.934	89.694	4,1%
Framlegð eldsneytis	1.232.123	1.105.826	126.297	11,4%
Framlegð annarra vara	1.073.120	973.002	100.118	10,3%
	<i>2M 2017</i>	<i>2M 2016</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Markaðshlutdeild án JET *	31,9%	33,6%	-1,7%	-4,9%
Markaðshlutdeild bensín	30,2%	28,7%	1,5%	5,4%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Selt magn án JET minnkaði um 17,6% á 1F 2017 samanborið við 1F 2016 en minnkunin skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi á 1F 2017 vegna verkfalls sjómanna. Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 8,7% á milli 1F 2017 og 1F 2016 sem skýrist af auknum umsvifum í hagkerfinu en aukning umferðar á þjóðvegum landsins var 14,1% á fyrsta ársfjórðungi 2017 samanborið við sama tímabil 2016. Breytt samsetning sölu eldsneytis á 1F 2017 miðað við 1F 2016 ásamt þróun á heimsmarkaðsverði olíu skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 1F 2017 er hærri en á 1F 2016 en félagið var með miklar eldsneytisbirgðir í ársbyrjun vegna aukinna umsvifa og sjómannaverkfalls. Framlegð annarra vara jókst um 10,3% en aukning í framlegð

skýrist af breyttri sölusamsetningu á 1F 2017 miðað við 1F 2016 sem er m.a. vegna minni umsvifa í sjávarútvegi og meiri umsvifa á þjónustustöðvum félagsins.

Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi

<i>Púsundir króna</i>	<i>1F 2017</i>	<i>1F 2016</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Launa- og starfsmannakostnaður	-1.065.124	-996.604	68.520	6,9%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-422.438	-428.978	-6.540	-1,5%
Annar rekstrarkostnaður	-399.433	-372.120	27.313	7,3%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 1F 2017 var 508 en var 485 á 1F 2016 en fjölgun stöðugilda er vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði og í bílaþjónustu. Fjölgun stöðugilda ásamt samningsbundnum launahækkunum skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á 1F 2017 miðað við sama tímabil 2016. Sölu- og dreifingarkostnaður var 1,5% lægri á 1F 2017 sem skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi og minni sölu á flugeldsneyti (JET). Annar rekstrarkostnaður hækkar um 7,3% á 1F 2017 miðað við 1F 2016 en hækkunin er að mestu vegna almennra kostnaðarhækkana í rekstrarkostnaði félagsins og aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði.

Fjármagnsliðir

<i>Púsundir króna</i>	<i>1F 2017</i>	<i>1F 2016</i>	<i>Breyting</i>	<i>% Breyting</i>
Fjármunatekjur	25.189	42.262	-17.073	-40,4%
Fjármagnsgjöld	-97.171	-118.903	-21.732	-18,3%
Gengismunur	9.201	-689	9.890	-1435,4%
Áhrif hlutdeildarféлага	49.723	21.189	28.534	134,7%
Gangvirkisbreyting hlutabréfa	4.163	0	4.163	
Samtals	-8.895	-56.141	47.246	-84,2%

Fjármunatekjur voru lægri á 1F 2017 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri stöðu handbærs fjár og lægri innlánsvaxta. Fjármagnsgjöld eru lægri á 1F 2017 samanborið við 1F 2016 vegna lægri vaxta af langtímaláni. Gengismunur vegna þróunar á gengi USD var 9 m.kr. á 1F 2017 en óverulegur á 1F 2016. Afkoma hlutdeildarféлага var hærri á 1F 2017 en á 1F 2016.

Efnahagur og fjárhagsleg staða

<i>Púsundir króna</i>	<i>1F 2017</i>	<i>1F 2016</i>	<i>Breyting</i>	<i>% Breyting</i>
Birgðir	3.086.549	2.453.116	633.433	25,8%
Viðskiptakröfur	2.717.951	2.401.570	316.381	13,2%
Vaxtaberandi skuldir	6.500.000	6.370.000	130.000	2,0%
Handbært fé	1.841.753	2.652.277	-810.524	-30,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	4.690.078	3.755.183	934.895	24,9%
Eiginfjárlutfall	49,1%	35,3%	0	39,1%
Veltuhraði birgða	6,11	6,90	-0,79	-11,4%

Hækkun á birgðum og viðskiptakröfum á milli 1F 2017 og 1F 2016 skýrist að mestu af hærri heimsmarkaðsverði á olíu og auknum umsvifum. Fjárfestingar á 1F 2017 voru 171 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til söluverðs seldra rekstrarfjármuna.

Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2017

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna á árinu 2017
- Innlendar kostnaðarhækkunar munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu sem gerir fyrirtækjum erfitt fyrir á samkeppnismörkuðum eins og þeim sem félagið starfar á
- Órói á olíumörkuðum mun valda sveiflum á framlegð og fjárbindingu

Í ljósi afkomu 1. ársfjórðungs hefur EBITDA spá félagsins verið hækkuð um 100 m.kr. eða í 3.500 - 3.600 m.kr. Það skal þó áréttað að rekstur N1 er sveiflukenndur og árstíðabundinn en stærsti hluti EBITDA fellur til á 2 og 3. ársfjórðungi hvers árs.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok mars 2017 nam 28,3 milljörðum króna
- Á aðalfundi félagsins 21. mars 2017 var samþykkt tillaga stjórnar að greiða hluthöfum 750 m. kr. arð eða 3 kr. á hlut. Arðurinn var greiddur hluthöfum 6. apríl 2017

Kynningarfundur fimmtudaginn 27. apríl 2017

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 27. apríl 2017 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Árshlutareikningur 2F 2017: 23. ágúst 2017
- Árshlutareikningur 3F 2017: 25. október 2017
- Ársreikningur 2017: 21. febrúar 2017
- Aðalfundur 2018: 21. mars 2018

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (peturh@n1.is).